

## Skógfræðingafélag Íslands

Umögn um landsáætlun í skógrækt

Stjórn Skógfræðingafélags Íslands fagnar gerð landsáætlunar í skógrækt. Landsáætlunin kemur til með að nýtast sem gott verkfæri fyrir skipulag skógræktar. Hún er raunhæf og í takt við alþjóðlegar samþykktir í loftlagsmálum. Vel var að verkefninu staðið og fjölbreyttur hópur fólks svaraði spurningum verkefnahópsins og niðurstöður voru nýttar í áætlunargerðina.

Stjórn Skógfræðingafélagsins hefur engar athugasemdir við landsáætlunina en hefur athugasemdir við sérálit tveggja nefndarmanna verkefnahópsins.

Stjórn Skógfræðingafélagsins gerir athugasemdir við sérálit við landsáætlun. Okkur þykir þetta álit ekki stuðla að framdrætti skógræktar og kolefnisbindingar í landinu þar sem ekki er ætlast til þess að notaðar séu þær trjátegundir sem skila mestum árangri.

Stjórn Skógfræðingafélagsins er sammála því að ekki eigi að nota trjátegundir í skógrækt hérlendis sem líklegar eru til að verða ágengar enda hefur það ekki verið gert síðastliðin hundrað ár. Þær trjátegundir sem notaðar eru í skógrækt á Íslandi í dag hafa sýnt að þær falli vel að íslenskri náttúru og veðurfari sem er óstöðugt og hentar ekki öllum tegundum.

- „*Samandregið má segja að sú líffræðilega fjölbreytni sem mæld er með fjölbreytileika innan stofna, stofnstærðum og ferlum þróunar sé óvenju ríkuleg á Íslandi*“.  
Stjórn Skógfræðingafélags Íslands veit ekki til þess að sýnt hafi verið fram á að líffræðileg fjölbreytni minnki við skógrækt hérlendis. Vitað er til þess að slíkt hafi verið skoðað í 30 ára þéttum asparskógi í Gunnarsholti þar sem hún breyttist vissulega en ekki vitum við til þess að hún minnkaði (Gundelach, 2018).
- Ekki er horft á efnahagslega þætti í séráliti. Með uppbyggingu skógarauðlindar er horft til framtíðar þar sem kolefnisspor byggingariðnaðarins minnkar mikið við það að nota innlent timbur svo ekki sé minnst á atvinnutækifæri á landsbyggðinni og efnahagslegan ávinning þjóðarinnar þegar til langs tíma er litið. Skógrækt er langhlaup og ekki er hægt að meta árangur nema á löngum tímaskala, sem fáir gera. Notkun trjátegunda af erlendum uppruna hefur meira efnahagslegt gildi ef litið er til framleiðslu skógarafurða og kolefnisbindingar. Enginn augljós efnahagslegur ávinningur er af ræktun innlendra tegunda eða að láta náttúruna sjá um að græða sárin sjálf.
- Ef litið er á loftslagsmálin þá binda trjátegundir á borð við alaskaösp, sitkagreni, stafafuru og síberíulerki mun meira kolefni heldur en birki. Sem dæmi má nefna að stafafura bindur um 7 tonn af kolefni á ha á ári á meðan ræktað birki er að binda um 3,1 tonn og náttúrlegt birki mun minna (Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Arnór Snorrason, 2017).
- Sérálitið er frekar huglægt en mjög æskilegt er að stefnur og ákvarðanatataka sé byggð á staðreyndum, s.d. út frá innlendum rannsóknum sem hægt er að vitna í.

- Ræktaður skógur er ekki föst breyta frekar en villtur skógur, umhverfisáhrif á skóga eru mikil t.d veðurfarsleg, því verða skógar ýmist vaxandi eða hnignandi eftir aðstæðum.
- Margar ólíkar og einstaklingsmótaðar hugmyndir virðast vera í gangi hérlandis þegar talað er um “ágengar tegundir” en yfirleitt er þetta hugtak skilgreint á þá leið að um sé að ræða “aðflutta tegund sem veldur vistfræðilegu eða efnahagslegu tjóni”. Varla má færa rök fyrir því að þær gróðurtegundir sem notaðar eru til skógræktar hérlandis uppfylli þessa skilgreiningu að neinu leiti.
- Hvað áhrif á mófuglavarp varðar þá eru ekki teknar inn stórar breytur í þessu séráliti sem hafa mikil áhrif á búsvæði mófugla. Þar má sem dæmi nefna túnrækt, þéttbýlismyndun og önnur mannvirkjagerð (sumarhúsabyggð, vegagerð, raforkuframleiðsla og margt fleira). Það er erfitt að skilja hvernig skógur sem þekur 2% landsins sé mesta ógn við mófuglastofna landsins þó að flatarmál þeirra ykist, þegar fyrrnefndir þættir eru ekki teknir með í reikninginn. Það eru margskonar umhverfisáhrif sem valda því að tegund færir sig úr stað.

Heimildir:

Arnór Snorrason og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. 2017. Áhrif fjórföldunar nýskógræktar á Íslandi á losun og bindingu gróðurhúslofttegunda. Ársrit Skógræktarinnar, bls. 56–60.

Tallulah Gundelach. 2018. Afforestation and biodiversity: Changes in biodiversity of birds, beetles and ground vegetation along a successional gradient in a black cottonwood (*Populus trichocarpa*) plantation in South Iceland. Msc Thesis. University of Iceland.

Stjórn Skógfræðingafélags Íslands

Valdimar Reynisson Formaður.